


Akureyrbær
Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. september 2009
Tilvísun: UST20090900040/ksj

Tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðar Bílaklúbbs Akeureyrar við Hlíðarfjallsveg


Vísað er til erindis Skipulagsdeildar Akureyrbæjar er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar BA (Bílaklúbbs Akureyrar).

Skipulagstillögusvæðið nær til lóðar Bílaklúbbs Akureyrar (BA) við Hlíðarfjallsveg og er ein, óskipt lóð í dag. Með deiliskipulagsbreytingunni verður lóðinni skipt upp í fjórar lóðir. Lóð nr. 7 fyrir bílastæði verður sameignarlóð, lóð nr. 9 verður fyrir viðgerðar og þjónustuhús, lóð nr. 11 fyrir æfinga- og keppnissvæði og lóð nr. 13 fyrir klúbbhús BA.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytt deiliskipulag lóðar Bílaklúbbs Akureyrar enda er aðgengi almennings tryggt með göngustíg meðfram verndarsvæði Glerár sem er á náttúruminjaskrá. Einnig er ljóst að girðingar verða fyrir innan hljóðmanir og við akstursbrautir og munu því ekki hindra aðgengi almennings að verndarsvæði Glerár.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun